



HRUNAMANNAHREPPUR

11. FUNDUR HREPPSNEFNDAR
KJÖRTÍMABILÍÐ 2010 – 2014 3. FUNDUR ÁRSINS
VAR HALDINN FIMMTUDAGINN 3. MARS 2011
KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2011, þann 3. mars kom hreppsnefnd Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14.00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Ragnar Magnússon, Halldóra Hjörleifsdóttir, Þorleifur Jóhannesson, Esther Guðjónsdóttir, Bjarney Vignisdóttir og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Ragnar Magnússon oddviti setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar. Oddviti óskaði eftir því að taka fyrir mál vegna endurbyggingar Hrunaréttar. Hreppsnefnd samþykkir að leggja þetta erindi fram.

Erindi til hreppsnefndar:

1. Framtíðarskipan félagsþjónustu í Uppsveitum og Flóa, Hveragerði og Ölfusi: Tillögur.
2. KPMG: Skýrsla til sveitarstjóra-stjórnsýsluskoðun.
3. Skipun í 17. júní nefnd.
4. UMFÍ. Landsmót UMFÍ 50+ 2011.
5. UMFÍ. Unglingalandsmót UMFÍ 2013 og 2014.
6. Samningur vegna garða- og sláttuþjónustu.
7. Bræðratunguvegur og vegtengingar á Flúðum: Samkomulag milli vegagerðarinnar og Hrunamannahrepps.
8. Samband íslenskra sveitarfélaga: Umsögn um frumvarp til sveitarstjórnarlaga.
9. Ályktun Félagsmálnefndar: Löggæsla í Árnæssýslu.
10. Félags- og tyggingarmálanefnd Alþingis: Umsögn um frumvarp til laga um félagslega aðstoð.
11. Félags- og tyggingarmálanefnd Alþingis: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um áætlun í jafnréttismálum til fjöggra ára.
12. Menntamála Alþingis: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um mikilvægi fræðslu um kristni og önnur trúarbrögð og lífsviðhorf.
13. Samgöngunefnd Alþingis: Umsögn um frumvarp til laga um umferðarlög.
14. Þjóðaratkvæðagreiðsla.
15. Lánasjóður sveitarfélaga: Auglýsing eftir framboðum í stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga.

16. Styrkur vegna ferðar á skólahreysti.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

17. Veitustjórn: 8. fundur stjórnar frá 1. mars s.l.
-liggur frammi á fundinum-

18. Ferða- og menningarnefnd. 3. fundur frá 3. febrúar s.l.

19. Ferða- og menningarnefnd. 4. fundur frá 16. febrúar s.l.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnæssýslu og Flóahrepps:

20. Félagsþjónusta: 134. fundur félagsmálanefndar frá 3. febrúar s.l.

21. 32. fundur Skipulags- og byggingarnefndar frá 17. febrúar s.l. og 59. afgreiðslufundur byggingarfulltrúa frá 2. febrúar s.l.

22. Stjórn Skipulags- og byggingarfulltrúaembættisins. 7. Fundur stjórnar

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

a. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 783. stjórnarfundar 28. janúar sl.

b. Atvinnuþróunarfélag Suðurlands: Fundargerð 298. stjórnarfundar frá 7. febrúar s.l.

c. Skólaskrifstofa Suðurlands: Fundargerð 127. stjórnarfundar 14. febrúar s.l.

d. SASS: Fundargerð 441. stjórnarfundar frá 11. febrúar sl.

e. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 198. stjórnarfundar frá 24. febrúar s.l.

Kynningarmál:

f. Samband íslenskra sveitarfélaga: Kynningarbæklingur um Skólavog.

- g. Umhverfisaráðuneytið: Gildistaka mannvirkjalaga.
- h. Félag tónlistarskólakennara, ísl. hljómlistarmenn, samtök tónlistarskólastjóra, tónlistarnemendur: Ályktun mótmælafundar.
- i. Skipulagsstofnun: Breyting á deiliskipulagi miðsvæðis Flúða.
- j. Stofnun Vilhjálms Stefánssonar: Verkefnið Fishernet/Trossan.
- k. Byggingarfulltrúi: Suðurbrún 8. Tjónamat af völdum jarðskjálfta.
- l. Félag Leikskólakennara: Ályktun stjórnar Félags leikskólakennara vegna niðurskurðar til leikskóla hjá sveitarfélögum landsins.
- m. Afgreiðsla umsóknar Landgræðslufélags Hrunamanna til Landbótasjóðs 2011.

Fundir framundan:

- n. Samband íslenskra sveitarfélaga: Námskeið fyrir sveitarstjórnarmenn 5. mars nk.
- o. Menntaþing SASS í Gunnarsholti 4. mars nk.
- p. Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga 25. mars nk.
- q. Samband íslenskra sveitarfélaga: Námskeið fyrir skólanefndir 18. apríl nk.
- r. Almannaþing Árnessýslu: Námskeið fyrir vettvangsstjórnir sveitarfélaga 11-15. apríl nk.

Skýrsla á skrifstofu:

- s. Háskóli Íslands: Rannsókn á ofbeldi gegn konum.

Genqið til dagskrár:

1. **Framtíðarskipan félagsþjónustu í Uppsveitum og Flóa, Hveragerði og Ölfusi: Tillögur.**
Oddviti kynnti tillögur vinnuhóps um framtíðarskipan félagsþjónustu í Uppsveitum og Flóa, Hveragerði og Ölfusi. Tillagan gerir ráð fyrir að stofnað verði sameiginlegt félagsþjónustusvæði með sameiginlegan félagsmálastjóra en þrjár starfsstöðvar. Hreppsnefnd samþykkir tillöguna og skipar Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóra í starfshóp sveitarfélagana til að vinna að nánari útfærslu og samningi um þjónustuna.
2. **KPMG: Skýrsla til sveitarstjóra-stjórnsýsluskoðun.**
Oddviti kynnti skýrslu um stjórnsýsluskoðun í Hrunamannahreppi.
3. **Skipun í 17. júní nefnd.**
Hreppsnefnd samþykkir að skipa Bjarneyju Vignisdóttur í 17. júní nefnd næstu 2 árin.
4. **UMFÍ. Landsmót UMFÍ 50+ 2011.**
Oddviti kynnti auglýsingu frá UMFÍ um umsókn að halda 1. landsmót UMFÍ 50 ára og eldri. Hreppsnefnd telur sveitarfélagið ekki hafa aðstöðu til að sækja um mótið.
5. **UMFÍ. Unglingalandsmót UMFÍ 2013 og 2014.**
Oddviti kynnti auglýsingu um umsókn um að halda 16. og 17. unglingsmót UMFÍ 2013 og 2014. Hreppsnefnd telur sveitarfélagið ekki hafa aðstöðu til að sækja um mótið.
6. **Samningur vegna garða- og sláttuþjónustu.**
Oddviti kynnti drög að samningi milli Grænna lands ehf og Hrunamannahrepps um samning vegna garða- og sláttuþjónustu á Flúðu næstu tvö sumur. Hreppsnefnd samþykkir samningsdrögin og felur sveitarstjóra til að ganga frá samningi við Grænna lands ehf.
7. **Bræðratunguvegur og vegtengingar á Flúðum: Samkomulag milli vegagerðarinnar og Hrunamannahrepps.**
Oddviti kynnti samkomulag við vegagerðina vegna framkvæmda við Bræðratunguveg vegna hringtorgs, undirganga undir Bræðratunguveg og tenginga við Flúði. Hreppsnefnd samþykkir samninginn og felur sveitarstjóra að undirrita hann. Jafnframt samþykkir hreppsnefnd að skoðað verði í framhaldinu að lagt verði bundið slitlag á Sneiðina á Flúðum í framhaldi af framkvæmdum við vegtengingar inn á veginn.
8. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Umsögn um frumvarp til sveitarstjórnarlaga.**
Oddviti kynnti umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um frumvarp til sveitarstjórnarmála. Hreppsnefnd tekur undir umsögn sambandsins.
9. **Ályktun Félagsmálnefndar: Löggaesla í Árnessýslu.**

Oddviti kynnti ályktun félagsmálanefndar þar sem hún skorar á ríkisstjórnina að tryggja fullnægjandi löggæslu í sýslunni. Hreppsnefnd tekur heilshugar undir ályktun Félagsmálanefndar og telur auk þess að ekki sé tekið tillit til vaxandi fjölda fólks sem dvelur allt árið um kring í sumarhúsum í sýslunni og gífurlegs ferðamannafjölda á svæðinu. Hreppsnefnd krefst þess að Alþingi og Innanríkisráðherra grípi til ráðstafana áður en stefnir í algert óefni.

10. Félags- og tyggingarmálanefnd Alþingis: Umsögn um frumvarp til laga um félagslega aðstoð.

Oddviti lagði fram beiðni um umsögn vegna frumvarps til laga um félagslega aðstoð. Hreppsnefnd gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

11. Félags- og tyggingarmálanefnd Alþingis: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um áætlun í jafnréttismálum til fjöggra ára.

Oddviti lagði fram beiðni um umsögn vegna tillögu til þingsályktunar um áætlun í jafnréttismálum. Hreppsnefnd gerir ekki athugasemdir við þingsályktunina.

12. Menntamála Alþingis: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um mikilvægi fræðslu um kristni og önnur trúarbrögð og lífsviðhorf.

Oddviti lagði fram beiðni um umsögn vegna tillögu til þingsályktunar um mikilvægi fræðslu um kristni og önnur trúarbrögð og lífsviðhorf. Hreppsnefnd gerir ekki athugasemdir við þingsályktunina.

13. Samgöngunefnd Alþingis: Umsögn um frumvarp til laga um umferðarlög.

Oddviti lagði fram beiðni um umsögn vegna frumvarps til laga um umferðarlög. Hreppsnefnd gerir alvarlegar athugasemdir við breytingar skv. 55. gr. frumvarpsins um hækkun á ökuleyfisaldri úr 17 ára í 18 ár. Slík breyting hefur gífurlega íþyngjandi áhrif, sérstaklega á landsbyggðina, og felur í sér aukinn kostnað og óþægindi fyrir heimilin sem ekki er á bætandi. Þá gerir hreppsnefnd einnig athugasemdir við 59. gr. frumvarpsins um að hækka aldur þeirra sem stjórna dráttarvél við landbúnaðarstörf utan almennrar umferðar úr 15 ára aldri í 16 ár. Á sama hátt veldur þessi breyting heimilum kostnaði og óþægindum en þau treysta á að heimilisfólk geti hjálpast að við verkin og auðvelda almennt atvinnuþátttöku. Bent er á að eldra fyrirkomulag hafi ekki verið til vandræða og um sé að ræða vísir að mikilli forræðishyggju. Hreppsnefnd skorar því á þingmenn suðurkjördæmis að hafna þessum breytingum.

14. Þjóðaratkvæðagreiðsla.

Oddviti kynnti fyrirhugaða þjóðaratkvæðagreiðslu sem á að fara fram laugardaginn 9. apríl nk. Hreppsnefnd ákveður að kjörstaður verði í Félagsheimili Hrunamanna og felur sveitarstjóra að árita kjörskrá og að auglýsa kjörskrá og kjörfund í samráði við kjörstjórn.

15. Lánasjóður sveitarfélaga: Auglýsing eftir framboðum í stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga.

Oddviti kynnti erindi frá Lánasjóði sveitarfélaga þar sem óskað er eftir framboðum í stjórn Lánasjóðinn. Hreppsnefnd samþykkir að tilnefna Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóra í stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga.

16. Styrkur vegna ferðar á skólahreysti.

Oddviti kynnti beiðni Flúðaskóla um sérstakan styrk til ferðar á skólahreysti þetta árið. Hreppsnefnd samþykkir að styrka ferðina um kr. 50.000.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

17. Veitustjórn: 8. fundur stjórnar frá 1. mars s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 8. fundar veitustjórnar. Þar var fjallað um vatnsveitumál í Dalabyggð og Laugarkrók, ársreikning Hitaveitu Flúða fyrir árið 2010 auk annarra mála. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

18. Ferða- og menningarnefnd. 3. fundur frá 3. febrúar s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 3. fundar Ferða- og menningarnefndar. Mætt var á fund með hreppsnefnd þann 3. febrúar sl. og rætt við hana um hlutverk nefndarinnar. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

19. Ferða- og menningarnefnd. 4. fundur frá 16. febrúar s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 4. fundar Ferða- og menningarnefndar. Farið var yfir hugmyndir um stóðréttir í Hrunamannahreppi og önnur mál. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps:

20. Félagsþjónusta: 134. fundur félagsmálanefndar frá 3. febrúar s.l.
Oddviti kynnti fundargerð 134. fundar félagsmálanefndar. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.
21. 32. fundur Skipulags- og byggingarnefndar frá 17. febrúar s.l. og 59. afgreiðslufundur byggingarfulltrúa frá 2. febrúar s.l.
Oddviti lagði fram fundargerð 32. fundar Skipulags- og byggingarnefndar frá 17. febrúar 2011 en þar er fjallað um 2 mál fyrir Hrunamannahrepp og 3 sameiginleg mál. Farið var yfir mál nr. 4 þar sem samþykkt var fundargerð frá 59. afgreiðslufundar byggingarfulltrúa frá 2. febr. s.l. þar sem var 1 mál snerti Hrunamannahrepp. Mál nr. 5 um efnisnámur í sveitarfélögunum vegna þörf á framkvæmdaleyfa vegna þeirra og mál nr. 6 um nýjar samþykktir vegna sameiginlegrar skipulags- og byggingarnefndar. Mál nr. 10 þar sem deiliskipulag vegna frístundabyggðar úr landi Högnastaða var samþykkt. Mál nr. 11 þar breytingu á deiliskipulagi í Dalabyggð úr landi Reykjadal var hafnað. Hreppsnefnd samþykkir ofangreind mál og fundargerðina.
22. Stjórn Skipulags- og byggingarfulltrúaembættisins. 7. fundur stjórnar.
Oddviti kynnti fundargerðina. Farið var yfir kaup á bíl fyrir byggðasamlagið. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

Önnur mál:

23. Endurbygging Hrunaréttar.
Esther fór yfir stöðu mála varðandi endurbyggingu Hrunaréttar. Fram kom að taka þarf ákvörðun um efnisval í dilkaveggi sem hafa í för með sér mismunandi kostnað. Hreppsnefnd mælir með að dilkveggir og hliðgrindur verði smíðaðar úr járni.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 783. stjórnarfundar 28. janúar sl. Fundargerð lögð fram.
- b. Atvinnuþróunarfélag Suðurlands: Fundargerð 298. stjórnarfundar frá 7. febrúar s.l. Fundargerð lögð fram.
- c. Skólaskrifstofa Suðurlands: Fundargerð 127. stjórnarfundar 14. febrúar s.l. Fundargerð lögð fram.
- d. SASS: Fundargerð 441. stjórnarfundar frá 11. febrúar sl. Fundargerð lögð fram.
- e. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 198. stjórnarfundar frá 24. febrúar s.l. Fundargerð lögð fram.

Kynningarmál:

- f. Samband íslenskra sveitarfélaga: Kynningarbæklingur um Skólavog. Lagt fram til kynningar.
- g. Umhverfisráðuneytið: Gildistaka mannvirkjalaga. Lagt fram til kynningar.
- h. Félag tónlistarskólakennara, ísl. hljómlistarmenn, samtök tónlistarskólalækjara, tónlistarnemendur: Ályktun mótmælafundar. Lagt fram til kynningar.
- i. Skipulagsstofnun: Breyting á deiliskipulagi miðsvæðis Flúða. Lagt fram til kynningar.
- j. Stofnun Vilhjálms Stefánssonar: Verkefnið Fishernet/Trossan. Lagt fram til kynningar.
- k. Byggingarfulltrúi: Suðurbrún 8. Tjónamat af völdum jarðskjálfta. Lagt fram til kynningar.
- l. Félag Leikskólakennara: Ályktun stjórnar Félags leikskólakennara vegna niðurskurðar til leikskóla hjá sveitarfélögum landsins. Lagt fram til kynningar.

m. Afgreiðsla umsóknar Landgræðslufélags Hrunamanna til Landbótasjóðs 2011. Lagt fram til kynningar.

Fundir framundan:

- n. Samband íslenskra sveitarfélaga: Námskeið fyrir sveitarstjórnarmenn 5. mars. nk. Lagt fram til kynningar.
- o. Menntaþing SASS í Gunnarsholti 4. mars nk. Lagt fram til kynningar.
- p. Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga 25. mars nk. Lagt fram til kynningar.
- q. Samband íslenskra sveitarfélaga: Námskeið fyrir skólanefndir 18. apríl nk. Lagt fram til kynningar.
- r. Almannaþing Árnassýslu: Námskeið fyrir vettvangsstjórnir sveitarfélaga 11-15. apríl nk. Lagt fram til kynningar.

Skýrsla á skrifstofu:

- s. Háskóli Íslands: Rannsókn á ofbeldi gegn konum. Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 16:55.